



Skógahverfi, Akranesi. Deiliskipulag 2. áfanga íbúðarsvæðis Breyting – nýtingarlutfall

Bæjarstjórn Akraness leggur til að deiliskipulagi 2. áfanga Skógahverfis verði breytt á þann veg að hámarksnýtingarlutfall á einbýlishúsalóðum verði lækkað úr 0,5 í 0,35. Tilfni breytingarinnar eru breytingar á ákvörðun gatnagerðargjalda, sem gerðar voru eftir samþykkt deiliskipulagsins. Gjöld miðast nú við hámarksnýtingarlutfall lóða en í deiliskipulaginu var nýtingarlutfall sett almennt án tillits til áhrifa á upphæð gjalda. Breytingin er jafnframt til samræmis við ákvæði í deiliskipulagi 1. áfanga hverfisins.

Breytingin snertir ekki meginþætti deiliskipulagsins og hefur engin neikvæð áhrif á umhverfi eða hagsmuni annarra en sveitarfélagsins. Hún telst því óveruleg. Engin breyting er gerð á skipulagsupprætti.

Eftirfarandi breyting verður á kafla 4.2.1 í greinargerð deiliskipulagsins:

Gildandi deiliskipulag:

Almennt skal við það miða að hámarksnýtingarlutfall á sérbýlishúsalóðum sé 0,5.

Breytt deiliskipulag:

Hámarksnýtingarlutfall einbýlishúsalóða er 0,35 og raðhúsalóða 0,5.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð samkvæmt

1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var auglýst

frá _____ til _____

var samþykkt í bæjarstjórn Akraness

bæjarstjóri

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____